

Bæjarlíf - Skólalíf

Breytingar

Skólastarfið í Grunnskólanum í Þorlákshöfn hefur farið mjög vel af stað í haust, enda veðráttan og stemningin góð. Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi og ber þar hæst ráðningu nýs skólastjóra, Ólínu Þorleifsdóttur og aðstoðarskólastjóra Jónínu Magnúsdóttur. Ólína er borinn og barnfæddur Þorlákshafnarbúi og hefur verið nemandi, foreldri og kennari við skólann auk þess sem hún gegndi starfi aðstoðarskólastjóra við Kópavogsskóla í nokkur ár og hér við skólann slíðastliðin tvö ár. Jónína er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er með ríflega 30 ára kennslu- og stjórnunarreynslu, lengst af við Grunnskólann á Siglufirði. Hún var nú síðast skólastjóri við Grunnskóla Fjallabyggðar eftir sameiningu sveitarfélaga á Tröllaskaga. Jónína hóf störf við skólann 2. október sl. en frá 1. ágúst og fram að þeim tíma skiptu aðrir stjórnendur með sér verkefnum aðstoðarskólastjóra.

Alvara...

Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru haldin í september í 4. og 7. bekk. Einnig stóð 10. bekkingum til boða að endurtaka próf frá því vor, þar sem framkvæmd þeirra fór nokkuð úr skorðum af hálfu menntamálayfirvalda. Nokkrir nemendur þáðu boðið og að þessu sinni gekk allt að óskum og einnig gekk framkvæmdin hjá yngri aldurshópunum vel.

Á haustdögum var tekin ákvörðun um að bæta eftirfylgni með mætingareglum skólans. Foreldrar og nemendur fengu senda nákvæma lýsingu á því hvernig nemendur safna stigum með því að mæta of seint eða mæta ekki í tíma. Þegar þeir eru komnir með ákveðinn stigafjölda er haft samband heim. Og eftir því sem stigum fjölgar er tekið af meiri alvöru á málinu.

Sjálfsmatsskýrsla skólans fyrir síðasta skólaár var kynnt í upphafi skólastarfs í haust og einnig endurbótaáætlun sem unnin var út frá henni. Sjálfsmatsskýrslan skýrir frá niðurstöðum nemenda- og starfsmannakannana síðasta árs og hefur skýrslan verið birt á heimasíðu skólans ásamt endurbótaáætlun.

Undanfarin ár hefur farið fram talsverð vinna í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins á sviði læsismála. Árið 2016 skrifuðu forsvarsmenn sveitarfélagsins undir þjóðarsáttmála um læsi og í kjölfarið hófst vinna að læsisstefnu sveitarfélagsins í samvinnu beggja skóla. Til að gera langa sögu stutta þá er læsisstefnan nú tilbúin og verður sett á heimasíðu skólans innan

tíðar. Einnig mun ítarleg kynning fara fram meðal nemenda og foreldra. Ritstjórar og umsjónarmenn þessa verkefnis voru Helena Helgadóttir deildarstjóri á Bergheimum og Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir verkefnisstjóri læsis í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

...og gaman

Á haustin er kennslan oft með svolítið öðru sniði en þegar veturinn er skollinn á af fullum þunga. Kennsla fer gjarnan fram utan dyra, bæði í íþróttum og öðrum námsgreinum. Farið er í gönguferðir, berjamó, laufblaðasöfnun og einnig hefur skólinn staðið fyrir lengri haustferðum fyrir hvert aldursstig. Að þessu sinni fór yngsta stigið á Lava- setrið – eldfjallamiðstöðina á Hvolsvelli. Miðstigið fór í Ljósafossvirkjun og að Úlfjótuvatni. Báðar ferðirnar tókust mjög vel, nesti var borðað utan dyra í haustblíðunni og allir höfðu gagn og gaman af. Haustferð unglingsstigs var frestað til vors þar sem rok og rigning skall á daginn sem fara átti í útivistarferð til Reykjavíkur. Í staðinn áttu nemendur og kennarar saman notalegan morgun þar sem horft var á kvikmyndir og borðað popp meðan rigningin buldi á rúðunum.

Tvær skemmtilegar menningaruppákomur voru í fyrstu viku októbermánaðar. 1. bekkur og elstu krakkar Bergheima fóru ásamt kennurum upp í Versali þar sem Þjóðleikhúsið og Brúðuheimar buðu upp á leiksýningu, brot úr stórrí brúðusýningu. Nemendur og kennarar 1. bekkjar auk leikskólanna í Hveragerði komu einnig á sýninguna, sem vakti mikla ánægju meðal krakkanna. Punkturinn yfir i-ið var svo pylsupartý í lok sýningar.

Bryddað var upp á þeirri nýjung miðvikudaginn 3. október að hafa söngstund á sal fyrir alla nemendur skólans. Teknir höfðu verið saman nokkrir þekktir söngtextar ásamt skólasöngnum okkar, þeir kynntir og æfðir í bekkjum dagana á undan og síðan var þeim varpað á tjald í matsalnum. Gestur tónlistarkennari lék undir á píanó og allir tóku undir eftir bestu getu. Þetta var skemmtileg samverustund og stefnt er að því að gera þetta nokkrum sinnum yfir veturinn, jafnvel mánaðarlega.

Haustið leggst vel í okkur hér í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og við hlökkum til komandi vetrar með öllum þeim áskorunum sem hann mun færa okkur.

Fyrir hönd starfsfólks,
Sigprúður Harðardóttir